

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar, sérstaklega vegna þess að nú þegar er verið að innheimta miklar fjárhæðir af eigendum bíla hér á landi, upphæðir sem skila sér að litlum hluta í veginn okkar. Ég sé því ekki þörf á því að skattleggja þetta meira en nú er gert. Ennfremur er það mín skoðun að umrædd áform eru tvísköttun og það get ég ekki sætt mig við.

Ef fram kæmi frumvarp þar sem skattlagningu er breytt frá þeim gjöldum sem nú þegar eru innheimt af bifreiðaeigendum og yfir í umrædd veggjöld þá hefði það frekar minn stuðning.

Bestu þakkir
Halldór Vilberg Ómarsson